

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Rauðamelssókn í Staðarstaðarprestakalli, Snæfellsness- og Dalasýslu-prófastsdæmi verði sameinuð Fáskrúðarbakkasókn í sama prestakalli.

„Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. nóvember 1996, sbr. bréf Ingibergs Hannessonar, prófasts, dags. 7. október 1996, þar sem farið er fram á staðfestingu ráðuneytisins á því að Rauðamelssókn í Staðarstaðarprestakalli, Snæfellsness- og Dalasýsluprófastsdæmi, verði sameinuð Fáskrúðarbakkasókn í sama prestakalli og að hin nýja sókn héldi nafni Fáskrúðarbakkasókn.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreinda breytingu, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfundar, sbr. 4. gr. laga nr. 25/1985 um kirkjusóknir o.fl.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“

Nr. 599

14. nóvember 1996

SAMÞYKKT

um hundahald í Neskaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Neskaupstað.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í bæjarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Undanþágur má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérstökum inngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja skriflegt leyfi allra íbúðareigenda.
- b) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til bæjarsjóðs eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn samþykkir og staðfest er af umhverfisráðherra. Heimilt er bæjarstjórn að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nýttjähunda, þ.e. hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minnkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjónþaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu dýrs, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Við greiðslu gjalds samkvæmt b-lið ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis, um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og hringormum, svo og öðrum skilríkjum sem máli skipta. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október til nóvember ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Mæti eigandi ekki með hund sinn til árlegrar hreinsunar á boðuðum tíma, ber hann sjálfur kostnað sem af því kann að leiða.
- d) Leyfishafi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000,- (tíu milljónir). Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds.